

Nd.

190. Breytingartillögur

[55. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá Karvel Pálmasynt og Magnúsi H. Magnússynt.

1. Við 1. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
Starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 10 ár hjá sama atvinnurekanda eða náð hefur 40 ára aldri á því orlofsári, sem gjaldfallið er, skal auk lágmarksorlofs samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar fá þrjú daga í orlof, og sá, sem unnið hefur hjá sama atvinnurekanda í 18 ár eða náð 50 ára aldri, skal enn fá 3 daga til viðbótar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum vegna þeirra, sem rétt eiga á lágmarksorlofi. Við 10 ára starf eða 40 ára aldur hækkar orlofsfé í 11.59% og við 18 ára starf eða 50 ára aldur hækkar orlofsfé í 13.40%.